



Almennir útboðsskilmálar vegna kaupa Seðlabanka Íslands á skuldabréfum ríkissjóðs á eftirmarkaði

1. Í samræmi við yfirlýsingu peningastefnunefndar Seðlabanka Íslands frá 23. mars 2020 mun Seðlabankinn hefja kaup á ríkisbréfum á eftirmarkaði, skv. nánari útfærslu markaðsviðskipta bankans. Markmið kaupanna er að tryggja framgang og markmið peningastefnunnar á Íslandi. Skilmálar þessir sem mæla fyrir um kaup ríkisbréfa á eftirmarkaði með útboðsfyrirkomulagi, byggja á 20. gr. laga um Seðlabanka Íslands nr. 92/2019.
2. Eigi síðar en einum bankadegi fyrir útboð verður tilkynnt um hvaða flokk eða flokka ríkisbréfa Seðlabankinn býðst til að kaupa, útboðsdagur, uppgjörsdagur, lágmarksfjárhæð hvers tilboðs, og aðrir nánari skilmálar sem gilda skulu um tiltekið útboð. Tilkynning skv. framangreindu verður birt með opinberum hætti.
3. Einungis lánastofnunum með viðskiptareikning hjá Seðlabanka Íslands, nr. 1200/2019, sem eru aðilar að verðbréfamiðstöð Nasdaq hf. (hér eftir „mótaðilar Seðlabankans“) er heimilt að gera tilboð í tengslum við útboð vegna kaupa á ríkisbréfum á eftirmarkaði. Boð skulu vera þannig að tilboðin hlaupi á heilum milljónum króna.
4. Seðlabankinn áskilur sér rétt til að samþykkja öll tilboð, samþykkja hluta þeirra eða hafna þeim öllum. Kaupunum er þannig háttað að öll samþykkt tilboð bjóðast mótaðilum Seðlabankans á innsendum verðum (e. multiple price auction method) nema að annað sé tekið fram í útboðstilkynningu.
5. Tilboð má einungis senda til Seðlabankans í gegnum Bloomberg-útboðskerfið milli kl. 13:30 og 14:00 á útboðsdegi (miðað er við staðartíma á Íslandi). Tilboð skulu sett fram í verðum, með þremur aukastöfum.
6. Ef tilboð berst ekki til Seðlabankans vegna kerfisgalla eða einhverra annarra ástæðna þá firrir Seðlabankinn sig allri ábyrgð. Aðilum er heimilt að fá staðfesta móttöku tilboða með símtali við markaðsviðskipti hjá Seðlabanka Íslands í síma 569 9664. Tilboð sem berast til Seðlabankans merkt ákveðnum skjám í Bloomberg-útboðskerfinu eru bindandi og á ábyrgð þess aðila sem skráður er fyrir skjánum. Heimilt er að afturkalla eða breyta tilboði, enda sé það gert í gegnum Bloomberg-útboðskerfið og berist Seðlabankanum fyrir kl. 14:00 á útboðsdegi (eða öðrum tíma skilgreindum í útboðs tilkynningu þegar útboði lýkur).



7. Við sérstakar aðstæður og að höfðu samráði við mótaðila Seðlabankans er Seðlabankanum heimilt að fresta útboði innan dags, eða fella niður útboð t.d. ef ekki er hægt að halda útboð vegna tæknilegra vandamála.
8. Niðurstöður útboða verða tilkynntar með opinberum hætti fyrir klukkan 14:30 á útboðsdegi.
9. Ríkisbréf sem Seðlabankinn samþykkir að kaupa samkvæmt skilmálum þessum, þurfa að berast Seðlabankanum rafrænt í verðbréfamiðstöð fyrir kl. 14:00 á uppgjörssdegi og verður þá greiðslan afhent á stórgreiðslureikning mótaðila hjá Seðlabankanum fyrir kl. 16:00 sama dag.
10. Ef afhending ríkisbréfa er ekki á réttum tíma áskilur Seðlabankinn sér rétt til að krefja tilboðsgjafa um hæstu lögleyfðu dráttarvexti fyrir þann tíma sem afhending dregst.
11. Víkja má frá útboðskilmálum þessum vegna einstaka útboða, í tilkynningu um viðkomandi útboð.
12. Skilmálar þessir og allar tilkynningar sem leiða af þeim eru gefnir út á íslensku og ensku. Ef misræmi er milli íslensku og ensku útgáfunnar skal sú íslenska gilda.